


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015	Vinnustaðanám á hand- og lyflækningadeildum eða almennu sjúkrahúsi og sérdeildum Námsáætlun VIN 205 Haustönn 2015	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 4		

Kennari	María Albína Tryggvadóttir	Sk.st.	MAL
----------------	-----------------------------------	---------------	------------

Áfangalýsing: Verknám fer fram á hand- og lyflækningadeildum eða almennu sjúkrahúsi. Náms tíminn er 15 átta klukkustunda vaktir á önn. Hjúkrunarkennari, leiðbeinandi og deildarstjóri bera sameiginlega ábyrgð á verklegu námi sjúkraliðanema. Nemandi fylgir leiðbeinanda við öll almenn störf sjúkraliða. Í upphafi tímabils setur nemandi sér persónuleg og fagleg markmið um verknámið. Á meðan á verknámi stendur skal nemandi fylla út gátlista um unna verkþætti.

Áfangamarkmið á hand- og lyflækningadeild:


Að loknu námi í áfanganum á nemandi að:

- Sýna þekkingu í hjúkrun og aðstoð við sjúklinga á hand- og lyflæknisdeildum.
- Sýna færni í samskiptum við skjólstæðinga.
- Sýna faglega umhyggju í hjúkrun mikið veikra sjúklinga og geta útskýrt mismunandi hjúkrunarþörf þeirra.
- Geta útskýrt mikilvægi andlegs undirbúnings fyrir og eftir aðgerðir og rannsóknir.
- Sýna færni í hjúkrun fyrir og eftir aðgerðir og rannsóknir.
- Þekkja og sýna skilning á mikilvægi skráningar.
- Sýna færni í algengum sýnatökum og meðferð sýna.
- Sýna færni í að skipuleggja og forgangsraða hjúkrun skjólstæðinga í samvinnu við leiðbeinanda.
- Sýna skilning á hlutverki sjúkraliða á viðkomandi deild.
- Geta gert grein fyrir mikilvægi trúnaðar og þagnarskyldu við skjólstæðing.

Áfangamarkmið á sérdeildum:

Að loknu námi í áfanganum á nemandi að:

- sýna færni í hjúkrun sjúklinga á sérdeild
- sýna færni í samskiptum og skilning á mikilvægi heildrænnar hjúkrunar
- geta metið hjúkrunarþarfir sjúklings
- þekkja og sýna skilning á mikilvægi skráningar.
- vera fær um að skipuleggja eigin störf og sýna fagmennsku í starfi
- geta forgangsraðað störfum sínum
- sýna færni í þverfaglegu samstarfi
- sýna skilning á hlutverki sjúkraliða á viðkomandi deild
- geta gert grein fyrir mikilvægi trúnaðar og þagnarskyldu við skjólstæðing


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 4	Vinnustaðanám á hand- og lyflækningadeildum eða almennu sjúkrahúsi og sérdeildum Námsáætlun VIN 205 Haustönn 2015	

Tilhögun verklega námsins í VIN 205 á haustönn 2015

- Verknámstímabilið er frá **14. september – 2. október og er 15 vaktir.**
- Hver nemandi hefur sinn tengil/tengla á hverri vakt og skal fylgja honum og/eða fyrirmælum hans. Tengill og deildarstjóri bera ábyrgð á að útvega nemandanum námstækifæri inni á deildinni.
- Æskilegast er að nemandi sé morgunvaktir en taki 2-3 kvöldvaktir ef tengill er einnig á kvöldvakt. Á sumum deildum verða nemandur að taka fleiri kvöldvaktir ef aðstæður á deildinni krefjast þess. Næturvaktir eru ekki viðurkenndur námstími. Röðun nema á tengla og á vaktir er í höndum tengils og deildarstjóra. Allt „hringl“ með vaktir er óæskilegt.


Nokkur mikilvæg atriði sem vert er að hafa í huga.

- Þeir nemendur sem eru á **SAk** mæta í **kennslustofu SAk 2. hæð kl. 8:30 mánudaginn 14. september** en þar mun umsjónarkennari hitta nemendur ásamt verkefnastjóra fræðslumála í hjúkrun á SAk. Farið verður yfir nokkur praktísk atriði, skrifað undir þagnarskyldu, nemendum fylgt í búningaástöðu og síðan út á viðkomandi deildir.
- Nemendur sem eru á öðrum verknámsstöðum en SAk fá upplýsingar um mætingu á fyrstu vakt frá kennara eða viðkomandi deild.
- Munið að mæta stundvíslega á vaktir og það er 100% mætingarskylda í verklegu námi. Ef einhver forföll verða látið deildina og umsjónarkennara vita.
- Skipti á vöktum á ekki að gera nema brýna nauðsyn beri til og þá **alltaf** í samráði við tengil og/eða deildarstjóra.
- Ef það eru „dauðir“ tímar á deildinni nýtið þá t.d. við að afla ykkur heimilda fyrir verkefni, kynnið ykkur lesefni á deildunum, spjallið við sjúklinga, biðjið einhvern á deildinni að sýna ykkur eitthvað sem þið hafið áhuga á að vita meira um, farið yfir vökvadælu og önnur tæki og tól og svo frv. „dauður“ tími er ekki frí! Notið þessar fáu vaktir sem þið hafið inni á deildunum **vel**.
- Umsjónarkennari mun koma á deildir SAk og HAK og hitta nemendur á meðan verknámið stendur yfir og koma til að gera lokamatið. Umsjónarkennari mun hafa síma og/eða tölvu samband við nemendur og deildir á öðrum stöðum en Akureyri. Nemendur geta alltaf haft samband við umsjónarkennara í gegnum tölvupóst.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 3 af 4	Vinnustaðanám á hand- og lyflækningadeildum eða almennu sjúkrahúsi og sérdeildum Námsáætlun VIN 205 Haustönn 2015	

Námsmat og vægi námsþátta:

- **Mat á verklegu námi á deild** (40%): Í lok verknámsins er gefin einkunn fyrir námið á deildinni og er hún gefin sameiginlega af tengli, deildarstjóra og umsjónarkennara á sérstöku eyðublaði. Nemandi **metur sig einnig sjálfur** og fær tækifæri til að bera saman sitt eigið mat saman við mat deildarinnar á sameiginlegum fundi með tengli og umsjónarkennara í lok verknámsins. Munið að vera búin að gera sjálfsmatið þegar lokamatið fer fram.
- Umsjónarkennari mun heimsækja deildina á námstímanum og ræða miðjumat við tengil. Í miðjumatinu er gefin skrifleg umsögn og ef ástæða þykir til er möguleiki á að nemandi fái aðvörun um að taka sig á og jafnvel fall ef nemandi hefur staðið sig mjög illa. Á stöðum fyrir utan Akureyri mun umsjónarkennari vera í sambandi við deildir í kringum miðjumatið. Allir nemendur þurfa að skila sjálfsmati í miðju- og lokamati. Nemandi bera ábyrgð á að koma ferilbókina til kennara á þeim stöðum þar sem matið fer fram án kennara.
- **Dagbók (25%)**: Nemandi heldur dagbók á verknámstímabilinu þar sem fært er inn hvað hann hefur gert á hverri vakt. Segið frá ykkar upplifun og tilfinningum um það sem þið takist á við í verknáminu. Ekki eiga að koma fram lýsingar af sjúklingum heldur atvikum sem snúa að hjúkrun án þess að hægt sé að rekja atvikið til ákveðinna sjúklinga. Munið þagnarskylduna! Í upphafi verknámsins **skal nemandi setja sér 5 markmið** með veru sinni á deildinni og hafa þau í huga þegar er verið að færa inn í dagbókina. Markmiðin á nemandi að vera búinn að setja sér þegar hann kemur á vakt **17. september** og þarf þá að sýna leiðbeinenda sínum þessi markmið. Þeir nemendur sem hafa ekki skilað inn markmiðum fyrir þann tíma missa 10 punkta af 100 fyrir verklega námið. Markmiðin eiga að vera lýsandi og a.m.k. fimm markmið. Horfið á markmið áfangans og sjúklingahóp deildarinnar þegar þið eruð að setja ykkur markmiðin. Mikilvægt er að tenglarnir sjái þessi markmið ykkar þannig að þeir séu betur meðvitaðir um það sem þið viljið leggja áherslu á. **Setjið þessi markmið einnig inn í upphafi dagbókarinnar og metið hvort þessum markmiðum hafi verið náð í lokin (meta hvert og eitt með rökum).**
- Í dagbókinni þarf að vera lýsing á deildinni; þ.e. hvers konar deild er um að ræða, helstu aðgerðir/sjúkdómar, stærð deildar, fjöldi starfsf., hvað gera sjúkraliðar, hvað er skemmtilegt/áhugavert við deildina og fl. Í lok dagbókar þarf að koma fram mat á því helsta sem nemandi telur sig hafa lært mest á tímabilinu.
- Dagbókinni á að skila til kennara **viku** eftir að verknámi lýkur (notið línubil 1,5 og leturgerð 12, gerið forsíðu þar sem nafn ykkar kemur fram).
- *Efnisatriði sem hægt er að hafa til hliðsjónar við markmiðagerðina og dagbókarfærslurnar:*
- Hjúkrun fullorðinna, móttaka, samskipti, langvinnir sjúkdómar, undirbúningur, eftirlit, rannsóknir, aðgerðir, fylgikvillar, magasonda, dreypi, dropateljarar, umbúðir, dren, leggir, þvagnpoki, sjúkrapjálfun, iðjubjálfun, hjálpertæki. Heildræn hjúkrun, þverfaglegt samstarf, aðlögun, endurhæfing, umhyggja, samvinna, trúnaður, forgangsroðun, fagmennska.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 4 af 4	Vinnustaðanám á hand- og lyflækningadeildum eða almennu sjúkrahúsi og sérdeildum Námsáætlun VIN 205 Haustönn 2015	

Verkefni (35%)

- ✓ Nemandi gerir 5-8 blaðsíðna verkefni um sjúkdóm/aðgerð með áherslu á þá hjúkrun sem fylgir viðkomandi skjólstaðingum og nemandi hefur fylgt eftir í verknáminu á deildinni.
- ✓ Í verkefninu þarf að setja fram 3 hjúkrunargreiningar og fyrirmæli með þeim (mega vera staðlaðar greiningar frá deildinni). Eina hjúkrunargreininguna þarf nemandi að velja og fjalla nánar um, segja frá hvers vegna þessi greining er sett fram (rökstyðja með heimildum) og fjalla um þá hjúkrun sem sjúkraliðar veita.
- ✓ Verkefnið skal hafa inngang, meginmál og lokaorð, setjið inn blaðsíðutal og heimildaskrá. Nota skal leturgerð 12 og línubil 1½. Ég vil að í hverju verkefni komi fram a.m.k. **þrjár heimildir** úr fræðilegum bókum/greinum. Verkefnið er einstaklingsverkefni og skiladagur er **4. nóvember**. Munið að setja engin nöfn inn í verkefnið og ég vil minna á þagnarskylduna sem gildir í öllu því sem viðkemur námi ykkar á deildunum.
- ✓ Allar heimildir sem þið notið í verkefninu eiga að koma fram í heimildaskrá. Ég bendi ykkur á bókina; Ingibjörg Axelsdóttir og Þórunn Blöndal. 2000. *Handbók um ritun og frágang*. 6. útgáfa. Iðunn, Reykjavík. Í þeirri bók er sagt hvernig nota á heimildir og hvernig gera á heimildaskrá. Það er ágætt að hafa það í huga að allar heimildir sem þið notið verða þeir sem lesa verkefnið að geta nálgast á einhvern hátt með því að skoða heimildaskrána. Notið svo heimildaskráarbæklinginn sem er inni á INNU við heimildavinnuna.
- ✓ Einkunn fyrir verkefnið skiptist niður þannig. Fræðileg umfjöllun 40%, tenging við starf sjúkraliða 30%, uppsetning og frágangur 10%, heimildaskráning og notkun heimilda inni í verkefninu 10%, eigin hugleiðingar og gagnrýni 10%.

Nemandi þarf að ná lágmarkseinkun (4) í hverjum hluta til að hægt sé að gefa lokaeinkunn.

Ef það er eitthvað sem þið eruð að velta fyrir ykkur þá endilega hafið samband við undirritaða, hvort sem það er vegna verknámsins eða verkefnisins á netfangið mitt maria@vma.is.

Gangi ykkur vel og njótið þess að vera nemar!

María Albína Tryggvadóttir
Umsjónarkennari VIN 205

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils